



Úthlutunarstefna

1. Almennt

Í stefnu þessari koma fram þær meginreglur sem Arion banki hf. (hér eftir: „**bankinn**“) vinnur eftir við úthlutun fjármálagerna í tengslum við almenn útboð og skráningu fjármálagerna á skipulegan verðbréfamarkað eða markaðstorg fjármálagerna sem bankinn hefur umsjón með. Tilgangur stefnunnar er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, stuðla að því að komið sé fram við viðskiptavinum og viðskipti stunduð af heilindum og sanngirni.

Stefna þessi er sett á grundvelli 40. gr. framseldu reglugerðar nr. 2017/565 og 32. og 33. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerna.

Markmið stefnunnar eru einkum að: Tryggja gagnsæi úthlutunarferlisins, efla heiðarlega, sanngjarna og faglega starfshætti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, lágmarka hagsmunaárekstra þegar starfsmenn bankans veita ráðleggingar um úthlutun til útgefanda og tryggja að farið sé eftir gildandi löggjöf og reglum bankans á hverjum tíma.

Stefnu þessa skal afhenda útgefanda áður en bankinn tekur að sér umsjón með útboði.

2. Ráðstafanir bankans gegn misferli

Bankinn hefur sett sér [reglur um meðferð hagsmunaárekstra](#) sem meðal annars er ætlað að koma í veg fyrir og takast á við hagsmunaárekstra sem skapast geta í útboðsferlinu og að tengsl í nútíð eða framtíð hafi óæskileg áhrif á þjónustu og ráðleggingar bankans.

Bankinn mun ekki taka við greiðslum eða ávinningi frá þriðja aðila nema að uppfylltum skilyrðum 36. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerna, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 976/2021, annarra viðeigandi laga og innri reglum bankans um hlunnindi. Hafi bankinn fengið greiðslu frá þriðja aðila er honum skylt að veita viðskiptavinum sínum þær upplýsingar sem fjallað er um í 26. gr. reglugerðarinnar.

Þegar bankinn hefur tekið að sér að annast útboðsferli fyrir útgefanda, mun hann ekki stunda eftirfarandi háttsemi:

- **Upptróppun (e. *laddering*):** Úthlutun til fjárfestis sem hvetur til greiðslu óhóflega hárra gjalda eða þóknana fyrir ótengda þjónustu, eða að hann eigi óhóflegt magn viðskipta gegn venjulegu gjaldi.
- **Forgangsboð (e. *spinning*):** Úthlutun til yfirstjórnanda eða yfirmanns fyrirtækis sem er núverandi eða hugsanlegur viðskiptavinur bankans sem útgefandi, ef úthlutunin er endurgjald fyrir að útvega viðskipti í fortíð eða framtíð á sviði fyrirtækjaráðgjafar.
- Úthlutun sem skilyrt er með beinum eða óbeinum hætti við móttöku framtíðarfyrirmæla eða kaup á annarri þjónustu bankans af hálfu fjárfestis í fjárfestingarþjónustu eða aðila sem fjárfestirinn er yfirmaður hjá.



3. Þátttaka útgefanda

Útgefandi skal hafður með í ráðum við úthlutunarferlið til þess að bankinn geti áttað sig á og tekið tillit til hagsmuna hans og markmiða bæði hvað varðar verðlagningu og úthlutun. Almennt gerir bankinn tillögu að úthlutun eftir tegund fjárfesta, í samræmi við úthlutunarstefnu þessa og markmið og hagsmuni útgefanda sem skilgreindir hafa verið í verksamningi milli bankans og viðkomandi útgefanda og/eða hluthafa hans. Stjórn útgefanda tekur endanlega ákvörðun um úthlutun.

Ákveða skal sem fyrst í útboðsferlinu (og eigi síðar en við útgáfu lýsingar við skráningu á aðalmarkað eða skráningarskjals við skráningu á markaðstorg fjármálagerninga) að hve miklu leyti útgefandi hefur aðkomu að m.a. markmiðum og fyrirmælum um úthlutun.

Á meðan útboðsferlinu stendur mun útgefandi fá send til yfirferðar og samþykktar eftirfarandi skjöl:

- Markmið úthlutunar, samkvæmt skilgreiningu útgefanda;
- Loka tilboðsbók á ýmsum verðlagningarstigum, ef við á;
- Drög að tillögu til úthlutunar, til yfirferðar og samþykktar; og
- Lokaáætlun að úthlutun, til yfirferðar og samþykktar.

4. Úthlutunarferlið og val á fjárfestum

Almennt

Við úthlutunarferlið og val á fjárfestum vegna viðskipta með fjármálagerninga starfar bankinn eingöngu í þágu útgefanda. Bankinn aðstoðar við val á fjárfestum og gerir tillögu að úthlutun óski útgefandi eftir því og að teknu tilliti til markmiða, leiðbeininga eða óska hans, ef einhverjar eru.

Verðlagningar- og úthlutunarferli útboða eru flókin og matskennd verkefni sem eru í eðli sínu háð mati bankans og útgefanda. Þegar bankinn aðstoðar við það skal það gert á sanngjarnan og skipulegan hátt. Ráðleggingar byggja á þekkingu og reynslu bankans af fyrri útboðum, heildarmati aðstæðna hverju sinni og hagsmunum útgefanda af því að fá besta verð sem stendur til boða innan skilgreinds tíma og stærðar útboðs. Ferlið byggir á meginreglu um sanngirni og gagnsæi og á að tryggja að hagsmunir fjárfesta og/eða bankans verði ekki teknir fram fyrir hagsmuni útgefanda.

Bankinn veitir útgefanda álit sitt á heppilegustu tímasetningu útboðsins og verðlagningu þess. Álitið tekur meðal annars tillit til eftirspurnar fjárfesta, umfangs útboðsins, sambærilegra útboða, markaðsaðstæðna og framtíðarhorfa hverju sinni. Í því skyni að veita nákvæmari ráðgjöf, er mögulegt að bankinn leggi til að meta áhuga markaðarins með því að ráðast í markaðspreifingar, með samþykki útgefanda.

Allar ákvarðanir og viðeigandi skjöl í tengslum við útboðið skal skrá og varðveita í samræmi við 23. gr., sbr. f og g- lið 16. tölul. 4. gr. laga nr. 115/2021, 43. gr. framseldu reglugerðar 2017/565 og aðrar reglur sem gilda á hverjum tíma.



Ferli til að ákvarða tillögu að endanlegri úthlutun

Bankinn sendir útgefanda úthlutunarstefnu áður en bankinn tekur að sér umsjón með útboðinu. Bankinn ræðir við útgefanda um fyrirhugaða úthlutun eftir flokkum eða tegundum fjárfesta, hver markmið útgefanda eru og hvort tiltekin sjónarmið skuli vega þyngra í úthlutunarferlinu en önnur.

Við lok tilboðstímabils útboðs veitir bankinn útgefanda upplýsingar um framlögð tilboð, fjárfesta sem lögðu þau fram, tillögu að úthlutun og rökstuðning fyrir henni. Endanleg ákvörðun um úthlutun er tekin af útgefanda sjálfum, sem jafnframt ber ábyrgð á henni.

Starfsfólk bankans sem á í samskiptum við fjárfesta að öðru leyti en í tengslum við söfnun áskrifta í tilboðsbók, skal ekki óska eftir sérstökum úthlutunum fyrir einstaka fjárfesta eða að öðru leyti leitast við því að hafa áhrif á ákvörðun um úthlutun.

Bankinn mun eftir atvikum upplýsa markaðinn um framvindu útboðsferlisins í samráði við útgefanda, með fyrirvara um þagnarskyldu og/eða aðrar skyldur bankans.

Val á fjárfestum

Við val á fjárfestum mun bankinn almennt líta til eftirfarandi sjónarmiða:

- Óska útgefanda, einkum með tilliti til tegundar og flokkunar fjárfestis, þar á meðal fyrri hegðunar og fjárfestingartímabils (hve lengi fjárfestir hyggst halda á viðkomandi fjármálagerningi).
- Landfræðilegrar staðsetningar fjárfestis.
- Eðlis og áhugastigs fjárfestis í viðskiptunum, svo sem endurgjöf til stjórnenda.
- Áhuga fjárfestis á, og fyrri þátttöku í útboðum almennt, eða öðrum verðbréfum útgefanda eða öðrum félögum í sömu atvinnugreinum.
- Stærð tilboðs fjárfestis sem hlutfall af stærð útboðsins.
- Dreifingar til viðeigandi hóps fjárfesta til að ná ásættanlegum verðstöðugleika á eftirmarkaði.
- Öðrum þáttum sem skipta máli að mati bankans eða útgefanda.